

Frá Tré og list

Nú stendur yfir sýning á handverki Oddnýjar Kristjánsdóttur frá Ferjunesi.

Hún var þekkt sem skáldkona, en það vissu færri hvað hún var listræn handverkskona. Oddný var fædd 3. sept. 1911 og lést í maí 2007.

Sýningin mun standa til 7. sept n.k.

Haldið verður sérstakt konukvöld í safninu þann 3. sept. n.k. frá kl. 20:00. Er öllum konum í Flóahreppi boðið að koma .

Annars er opnunartími Tré og list frá kl: 13:00-18:00 alla daga, og konur velkomnar að deginum ef það hentar betur.

Vonumst til að sjá ykkur sem flestar.

Bergþóra og Ólafur Forsæti

Dagskrá mánaðarins

Konukvöld í Tré og list	3. september
Umsóknarfrestur f. starf í Flóaskóla	5. september
Reykjaréttir á Skeiðum	13. september
Aðalfundur Leikdeildar Umf. Vöku	16. september
Glímuæfing í Félagslundu	16. september
Minnisvarðaafhjúpun í Timburhólum	21. september
Glímuæfing í Félagslundu	23. september
Ball í Félagslundu	27. september
Lambaskoðun í Villingah.hr	29. september
Glímuæfing í Félagslundu	30. september



Áveitan



9. tbl, sept. 2008. 2. árgangur.

Útg: Umf. Samhygð og Umf. Vaka.

Áb: Fanney Ólafsdóttir og Stefán Geirsson.

Netföng: fanneyo@visir.is og stegeir@hotmail.com

BALL-ÍÐ

-27. september

Nú er komið að hinu sívinsæla sveitaballi í Félagslundu. Þetta verður í 5. sinn sem burtfluttur og aðrir sveitungar skemmta sér saman sem aldrei fyrr. **Hljómsveitin 66** leikur fyrir dansi (Biggi í Klængsseli og félagar). Aðgangseyrir kr. 2000,- Takið frá laugardagskvöldið 27. september.

Nefndin:

Magga í Hól, Andrés á Hellum, Kári á Haugi, Óli á Hellum og Hidur í Efri.



Frá sveitarstjóra

Sorpmál

Kynning á breyttu fyrirkomulagi í sorpmálum hefur gengið vel hjá Íslenska gámafélaginu og lokið hefur verið við heimsóknir til flestra íbúa.

Um tólf bæir eru eftir þegar þetta er skrifað en þar hafa íbúar verið að heiman og verður kynningu hjá þeim aðilum lokið innan skamms. Kynningarfulltrúar segja verkefnið hafa verið mjög skemmtilegt og að þeir hafi lært mikið af því.

Að jafnaði hefur hver heimsókn tekið frá 30 mín – 90 mín. Fólk duglegt að spyrja og vel hefur verið farið yfir sorphirðuhandbókina. Reiknað er með að flestir íbúar verði komnir með sorphirðuilát á næstu dögum.

Athugasemdir við aðalskipulag

Á fundi sveitarstjórnar 28. ágúst s.l. voru lagðar fram athugasemdir við aðalskipulag Flóahrepps 2006-2018 í fyrrum Villingaholtshreppi en alls bárust um 215 athugasemdir.

Stór hluti athugasemda snýr að Urriðafossvirkjun en einnig eru nokkrar athugasemdir varðandi vegi, reiðleiðir, íbúðar-og frístundabyggð, landbúnaðarsvæði ofl.

Sveitarstjórn samþykkti að fresta afgreiðslu á málinu og skoða athugasemdir með lögfræðingi, hönnuði skipulags og skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins.

Sameiginleg almannavarnarnefnd

Á fundi fulltrúa sveitarfélaga í Árnessýslu þann 27. febrúar s.l. var skipuð nefnd til að gera tillögu um sameiginlega almannavarnarnefnd í sýslunni.

Tillaga að samþykktum um sameiginlega almannavarnarnefnd fyrir átta sveitarfélög í Árnessýslu var lögð fyrir sveitarstjórn Flóahrepps 28. ágúst s.l. og voru þær samþykktar.

Markmið með sameiginlegri nefnd er að styrkja og efla almannavarnir í aðildarsveitarfélögunum,

Afhjúpun minnisvarða í Timburhólum

Sunnudaginn 21. september n.k. kl. 15.00 verður afhjúpaður minnisvarði um hjónin í Vorsabæ, Guðfinnu Guðmundsdóttur og Stefán Jasonarson, í Timburhólum í Gaulverjabæjahreppi hinum forna. Þau hjón voru bændur í Vorsabæ í hálfra öld og Stefán var frumherji í störfum fyrir samtök sunnlenskra bænda, ungmennafélagshreyfinguna, umferðaöryggi og varðveislu þjóðlegra verðmæta.

Árið 1952 hóf Stefán skógrækt í Timburhólum á vegum Ungmennafélagsins Samhygðar. Guðfinna stóð við hlið Stefáns og geri honum kleift að vinna að áhugamálum sínum. Þau voru samhent hjón og samtaka í ræktun gróðurs og fegrunar umhverfis.

Minnisvarðinn er reistur fyrir forgöngu Ungmennafélagsins Samhygðar með stuðningi frá einstaklingum og félagasamtökum. Minnisvarðann prýðir mynd þeirra hjóna gerð af listakonunni Siggú á Grund.

Að athöfn lokinni bjóða börn þeirra hjóna til kaffisamsætis í Félagslund. Allir sveitungar og velunnarar eru boðnir velkomnir í Timburhóla og Félagslund þennan dag.

Undirbúningsnefndin

Flóamótið 2008

var haldið á íþróttavellinum við Þjórsárver sunnudaginn 31. ágúst sl. Þangað mættu 27 keppendur sem spreyttu sig í ýmsum greinum. Úrslit mótsins verða birt í næstu Áveitu en í stigakeppni félaganna urðu úrslit þau að Umf. Vaka sigraði með 154 stig, Umf. Baldur fékk 106 stig og Umf. Samhygð 53.

Glímuæfingar

Glímuæfingar hefjast í Félagslundu þriðjudaginn 16. september kl. 20:00. Opnar öllum 10 ára og eldri. Æfingarnar standa í klukkutíma í senn. Þjálfari er Stefán Geirsson.

Kornsláttur, völsun, pulsun

Tek að mér kornslátt, er með Sampo þreskivél, traktorsdrifinn kornvals og pulsugerðarvél sem þjappar korninu til geymslu í þar til gerða plasthólka, útvega sjálfur hólkana. Nánari upplýsingar í síma: 486-3398 og 699-6566.
Bragi Ásgeirsson Selparti.

Rúllun

Tek að mér að rúlla fyrir bændur. Er með Vicon samstæðu með söxun og netbindingu. Geri tilboð í stærri verk. Útvega plast sjálfur.

Upplýsingar í síma 696-8653 eða 486-3390

Sigmar Aðalsteinsson

Jaðarkoti

Gámasvæði við Félagslund

Sveitarstjórn fjallaði um gámasvæði sveitarfélagsins í Félagslundu á síðasta fundi sínum en talsvert er um að kvartað sé yfir svæðinu. Sveitarstjórn samþykkti að eitt gámasvæði verði í sveitarfélaginu og að gámasvæðinu við Félagslund verði lokað um næstu áramót.

Frá Búnaðarfélagi Villingaholtshrepps

Félagið hefur fest kaup á nýjum 14 tonna sturtuvagni sem er til útleigu hjá Kristjáni í Forsæti. Þá hefur félagið keypt stórt topplyklasett sem Kristján hefur einnig umsjón með. Notkun á tækjum félagsins hefur verið góð á þessu ári og eru félagsmenn og aðrir minntir á þau tæki félagsins sem hægt er að nota fram eftir hausti, t.d. málningardæluna og stauraborinn.

Með haustkveðju,
Stjórnin

Lambaskoðun

Lamba- og hrútaskoðun Sauðfjárræktarfélags Villingaholtshrepps verður mánudaginn 29. september. Hún verður með sama sniði og undanfarin ár og hvetjum við alla að taka þátt. Þeir sem hafa áhuga eru beðnir um að hafa samband við Þorstein Loga í síma 867-4104 fyrir mánudaginn 22. september.

Stjórnin



Langar þig að vinna í Flóaskóla?

Við erum að leita að starfsmanni í síðustu lausu stöðuna á skólaárinu 2008-2009

Starfsmaður skólavistunar

Um er að ræða um það bil 45% starfshlutfall alla virka daga, vinnutími er að jafnaði um 3-4 klukkustundir á dag eftir að hefðbundnum skóladegi nemenda lýkur. Starfið felst í umsjón og vinnu með blönduðum nemendahópi 6-9 ára barna.

Þetta er nýtt starf við skólann og kjörið tækifæri fyrir áhugasama aðila sem vilja starfa á skemmtilegum vinnustað með góðu fólki.

Við leitum að metnaðarfullum starfsmanni sem hefur áhuga á að starfa í góðum skóla og á skemmtilegum vinnustað. Umsækjendur verða að:

- eiga auðvelt með að umgangast börn
- vera skipulagðir, stundvísir og snyrtilegir í umgengni
- eiga gott með samskipti við aðra.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi FOSS.

Umsóknarfrestur er til 5. september 2008.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Sigurðardóttir skólastjóri, í sínum 486-3360 / 663-5720, netfang kristin@floahreppur.is, og tekur hún jafnframt við umsóknum.

Flóaskóli • Flóahreppi • 801 Selfoss • www.floahreppur.is

6.	Kolbrún Sara Másdóttir	Samh.	7,40 -
7.	Hanna Einarsdóttir	Vöku	7,24 -

kúluvarp

1.	Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	Vöku	9,49 m
2.	Ingibjörg Markúsdóttir	Samh.	8,48 -
3.	Anný Ingimarsdóttir	Samh.	8,49 -
4.	Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vöku	8,39 -
5.	Helga Björg Helgadóttir	Vöku	7,64 -
6.	Heiða Kristín Másdóttir	Samh.	6,39 -
7.	Halldóra Markúsdóttir	Samh.	6,38 -
8.	Katrín Ýr Árnadóttir	Samh.	4,78 -
9.	Kolbrún Sara Másdóttir	Samh.	4,66 -

kringlukast

1.	Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	Vöku	20,57 m
2.	Ingibjörg Markúsdóttir	Samh.	19,78 -
3.	Anný Ingimarsdóttir	Samh.	17,80 -
4.	Halldóra Markúsdóttir	Samh.	17,20 -
5.	Heiða Kristín Másdóttir	Samh.	17,14 -
6.	Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vöku	17,11 -
7.	Helga Björg Helgadóttir	Vöku	16,89 -

800 metra hlaup

1.	Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vöku	3:16,9 mín.
2.	Katrín Ýr Árnadóttir	Samh.	3:21,9 -
3.	Heiða Kristín Másdóttir	Samh.	3:30,6 -
4.	Kolbrún Sara Másdóttir	Samh.	3:41,0 -
5.	Hanna Einarsdóttir	Vöku	3:47,6 -
6.	Helga B. Helgadóttir	Vöku	3:52,8 -
7.	Harpa Dís Hákonardóttir	Samh.	3:56,8 -
8.	Halldóra Markúsdóttir	Samh.	4:28,2 -

7.	Stefán Ólafsson	Vöku	7:15,4 -
-	Axel Páll Einarsson	hætti	
-	Gísli Gautason	gestur	6:19,1 -

Konur:

100 metra hlaup

1.	Halldóra Markúsdóttir	Samh.	14,5 sek.
2.	Helga B. Helgadóttir	Vöku	14,8 -
3.	Heiða Kristín Másdóttir	Samh.	15,2 -
4.	Kolbrún Sara Másdóttir	Samh.	16,0 -
5.	Harpa Dís Hákonardóttir	Samh.	16,1 -
6.	Katrín Ýr Árnadóttir	Samh.	16,5 -
7.	Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vöku	22,5 -

langstökk

1.	Halldóra Markúsdóttir	Samh.	4,58 m
2.	Heiða Kristín Másdóttir	Samh.	4,38 -
3.	Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vöku	4,34 -
4.	Helga Björg Helgadóttir	Vöku	3,94 -
5.	Ingibjörg Markúsdóttir	Samh.	3,89 -
6.	Katrín Ýr Árnadóttir	Samh.	3,71 -
7.	Kolbrún Sara Másdóttir	Samh.	3,33 -
8.	Harpa Dís Hákonardóttir	Samh.	3,30 -

hástökk

1.	Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vöku	1,40 m
2.	Heiða Kristín Másdóttir	Samh.	1,35 -
3.	Halldóra Markúsdóttir	Samh.	1,30 -
4.	Kolbrún Sara Másdóttir	Samh.	1,25 -
5.	Anný Ingimarsdóttir	Samh.	1,15 -
6.	Katrín Ýr Árnadóttir	Samh.	1,15 -
7.	Helga Björg Helgadóttir	Vöku	1,10 -

þristökk

1.	Halldóra Markúsdóttir	Samh.	9,07 m
2.	Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vöku	8,89 -
3.	Heiða Kristín Másdóttir	Samh.	8,72 -
4.	Helga Björg Helgadóttir	Vöku	8,23 -
5.	Katrín Ýr Árnadóttir	Samh.	7,46 -

Frá Flóaskóla

Flóaskóli var settur í 5. sinn mánudaginn 25. ágúst. Nemendum skólans hefur fjölgað um 12% frá fyrra ári og er það nokkuð meiri fjölgun en gengur og gerist. Nemendur eru nú 65 og þess má til gamans geta að þeir koma frá 47 heimilum. Þrír nýir kennarar hafa bæst í góðan hóp starfsmanna, en það eru þær Sigrún Helgadóttir, Þóra Gylfadóttir og Erna Jóhannesdóttir. Kennarar eru nú 11 talsins, þó ekki allir í fullu starfi. Stuðningsfulltrúar eru þrír, matráðskonur tvær og einn starfsmaður starfar við ræstingu. Fimm skólabilstjórar keyra á jafn mörgum leiðum. Húsnæði Flóaskóla var endurbætt að nokkru leyti í sumar, m.a. til að koma til móts við aukinn nemendafjölda.

Sveitarstjórn tók nýverið ákvörðun um að reka skólavistun við Flóaskóla fyrir nemendur í 1.-4. bekk. Skólavistun tekur við eftir að hefðbundum skóladegi nemenda lýkur og er ætlað að koma til móts við þarfir fjölskyldna í sveitarfélaginu. Nú eru 12 nemendur skráðir í skólavistun. Starfsmenn Flóaskóla hafa sinnt starfi við skólavistun síðustu vikuna en vonir standa til að fljótlega verði ráðinn fastur starfsmaður í starfið.

Starfið í vetur mun m.a. felast í áframhaldandi góðu samstarfi við leikskólann Krakkaborg og Tónlistarskóla Árneseinga. Flóaskóli fékk nýlega staðfestingu á því að samningur skólans við Umferðarstofu verður endurnýjaður til eins skólaárs og skólinn verður því áfram *Leiðtogaskóli í umferðarfræðslu á Suðurlandi*. Verkefnið er heilmikil lyftistöng fyrir annars faglegt og gott starf í skólanum.

Áfram verður lögð áhersla á gott samstarf við heimili nemenda og að við vinnum öll að því af metnaði og fagmennsku að koma ungmennum Flóahrepps til menntunar og aukins þroska. Í Flóaskóla er lögð mikil áhersla á verkgreinar og tungumálakennslu, og að hver og einn nemandi geti blómstrað í námi á sínum eigin forsendum.

Við upphaf nýs skólaárs sendi ég íbúum Flóahrepps bestu kveðjur frá nemendum og starfsfólki Flóaskóla og óska eftir góðu samstarfi í vetur eins og undanfarin ár.

Bestu kveðjur, Kristín Sigurðardóttir, skólastjóri.
kristin@floahreppur.is, gsm 663-5720.

Frá Umf. Vöku:

Aðalfundur Leikdeildar Vöku

Aðalfundur Leikdeildar Vöku verður haldinn í Þjórsárveri 16. september og hefst kl. 20:30. Framkvæmd verða venjuleg aðalfundarstörf og rætt um komandi leikár. Vonumst til að sjá sem flesta.

Stjórn Leikdeildar

Úrslit af mótum:

Unglingalandsmót UMFÍ

Í síðustu Áveitu var sagt frá úrslitum af Unglingalandsmóti UMFÍ en þá vantaði úrslit frá síðasta keppnisdegi. Þau koma hér:

Guðrún Inga Helgadóttir	Hástökk	1,10 m	7. sæti
	Kúluvarp	7,06 m	3. sæti

Meistaramót Íslands 11-14 ára

Meistaramót Íslands 11-14 ára var haldið á Laugum þann 16. -17. ágúst .

Þar átti Vaka einn keppanda, Guðrúnu Ingu Helgadóttir sem stóð sig glæsilega og varð Íslandsmeistari í spjótkesti stelpna 11 ára.

Árangra hennar á mótinu má sjá hér að neðan:

60 m. hlaup	5. sæti	9,97 sek (9,90 sek í undanrásunum)
Hástökk	4.-5. sæti	1,15 m.
Kúluvarp 2 kg	3. sæti	7,92 m.
Spjótkest	1. sæti	20,46 m.
Langstökk	7. sæti	3,53 m.
800 m. hlaup	3. sæti	3:15,07 sek.

Unglingamót HSK 15-22 ára

Mótið var haldið í Þorlákshöfn dagana 12. og 13. ágúst sl.

Þar átti Vaka 3 keppendur sem stóðu sig vel og lentu í 3. sæti í stigakeppni. Haraldur Einarsson og Guðmunda Ólafsdóttir náðu þeim góða árangri að sigra allar sínar greinar og voru því tvö af stigahæstu keppendum mótsins. Árangrar okkar fólks koma hér:

Tómas Karl Guðsteinsson	100m. hlaup	3. sæti	13,7 sek.
	Langstökk	3. sæti	4,54 m.

-	Bjarni Már Ólafsson	gestur	11,60 -
-	Gísli Gautason	gestur	9,65 -

kúluvarp

1.	Stefán Geirsson	Samh.	11,63 m
2.	Reynir Bjarkason	Vöku	10,08 -
3.	Rúnar Hjálmarsson	Vöku	9,91 -
4.	Einar H. Haraldsson	Vöku	9,82 -
5.	Haraldur Einarsson	Vöku	9,77 -
6.	Axel Páll Einarsson	Vöku	9,00 -
7.	Sigmar Aðalsteinsson	Vöku	8,85 -
8.	Jason Ívarsson	Samh.	8,40 -
9.	Atli Már Ólafsson	Samh.	8,38 -
10.	Stefán Ólafsson	Vöku	8,02 -
11.	Tómas Karl Guðsteinsson	Vöku	7,64 -
12.	Jón M. Ívarsson	Samh.	7,34 -
13.	Hróbjartur H. Ómarsson	Vöku	6,76 -
-	Bjarni Már Ólafsson	gestur	9,04 -
-	Gísli Gautason	gestur	6,31 -

spjótkest

1.	Axel Páll Einarsson	Vöku	38,72 m
2.	Stefán Geirsson	Samh.	36,52 -
3.	Haraldur Einarsson	Vöku	35,46 -
4.	Atli Már Ólafsson	Samh.	34,00 -
5.	Rúnar Hjálmarsson	Vöku	30,90 -
6.	Reynir Bjarkason	Vöku	29,83 -
7.	Einar H. Haraldsson	Vöku	27,85 -
8.	Stefán Ólafsson	Vöku	27,22 -
9.	Jason Ívarsson	Samh.	21,92 -
10.	Sigmar Aðalsteinsson	Vöku	19,95 -
11.	Ívar Jasonarson	Samh.	12,44 -
-	Bjarni Már Ólafsson	gestur	39,45 -
-	Gísli Gautason	gestur	24,45 -

1500 metra hlaup

1.	Haraldur Einarsson	Vöku	5:20,3 mín.
2.	Ívar Jasonarson	Samh.	5:31,0 -
3.	Rúnar Hjálmarsson	Vöku	5:42,8 -
4.	Atli Már Ólafsson	Samh.	6:03,5 -
5.	Tómas Karl Guðsteinsson	Vöku	6:33,4 -
6.	Jason Ívarsson	Samh.	6:41,6 -

3.	Rúnar Hjálmarsson	Vöku	12,7 -
4.	Tómas Karl Guðsteinsson	Vöku	13,1 -
5.	Hróbjartur H. Ómarsson	Vöku	14,5 -
6.	Stefán Ólafsson	Vöku	15,0 -
7.	Alexander Jón Másson	Samh.	17,1 -
-	Bjarni Már Ólafsson	gestur	12,1 -
-	Gísli Gautason	gestur	13,2 -

langstökk

1.	Haraldur Einarsson	Vöku	6,31 m
2.	Rúnar Hjálmarsson	Vöku	5,35 -
3.	Atli Már Ólafsson	Samh.	5,16 -
4.	Ívar Jasonarson	Samh.	4,92 -
5.	Tómas Karl Guðsteinsson	Vöku	4,53 -
6.	Einar H. Haraldsson	Vöku	4,51 -
7.	Stefán Ólafsson	Vöku	4,38 -
8.	Hróbjartur H. Ómarsson	Vöku	3,89 -
9.	Alexander Jón Másson	Samh.	2,65 -

hástökk

1.	Haraldur Einarsson	Vöku	1,60 m
2.	Atli Már Ólafsson	Samh.	1,60 -
3.	Rúnar Hjálmarsson	Vöku	1,55 -
4.	Stefán Ólafsson	Vöku	1,45 -
5.	Ívar Jasonarson	Samh.	1,45 -
6.	Stefán Geirsson	Samh.	1,40 -
7.	Tómas Karl Guðsteinsson	Vöku	1,30 -
8.	Hróbjartur H. Ómarsson	Vöku	1,20 -
9.	Alexander Jón Másson	Samh.	1,00 -
-	Bjarni Már Ólafsson	gestur	1,75 -
-	Gísli Gautason	gestur	1,45 -

þrístökk

1.	Haraldur Einarsson	Vöku	13,26 m
2.	Ívar Jasonarson	Samh.	11,34 -
3.	Atli Már Ólafsson	Samh.	11,33 -
4.	Rúnar Hjálmarsson	Vöku	10,66 -
5.	Jason Ívarsson	Samh.	10,31 -
6.	Stefán Geirsson	Samh.	9,97 -
7.	Tómas Karl Guðsteinsson	Vöku	9,31 -
8.	Stefán Ólafsson	Vöku	8,90 -

	Spjótkest	3. sæti	25,03 m.
	Þrístökk	3. sæti	8,55 m.
	800m hlaup	2. sæti	2:48 mín.
Guðmunda Ólafsdóttir	Kúluvarp	1. sæti	6,11 m.
	100m. hlaup	1. sæti	16,43 sek.
	Spjótkest	1. sæti	22,94 m.
	Kringlukast	1. sæti	18,14 m.
	Langstökk	1. sæti	3,69
Haraldur Einarsson	100m. hlaup	1. sæti	11,99 sek
	Langstökk	1. sæti	5,97 m
	Hástökk	1. sæti	1,40 m
	400m hlaup	1. sæti	54,49 sek
	Þrístökk	1. sæti	12,81 m

Héraðsmót í starfsíþróttum

Vaka átti nokkra keppendur í starfsíþróttum á Landbúnaðarsýningunni á Hellu á dögnum og stóðu þeir sig með þrýði. Keppt var í jurtagreiningu og dráttarvélarakstri.

Jón Valgeir Geirsson	dráttarvélarakstur	2. sæti
Sigmar Örn Aðalsteinsson	dráttarvélarakstur	3. sæti
Brynjólfur Jóhannsson	dráttarvélarakstur	8. sæti
Kristín Stefánsdóttir	jurtagreining	1. sæti
Þórunn Kristjánsdóttir	jurtagreining	4. sæti
Rakel Ýr Stefánsdóttir	jurtagreining	7. sæti

Utanhússæfingum við Þjósárver lýkur

Frjálsíþróttæfingum við Þjósárver lýkur nú hér með og var síðasta æfingin þann 27. ágúst sl. Innanhússæfingar í Þjósárveri verða auglýstar síðar og hvetjum við alla krakka til að mæta á þær hress og kát.

Þjálfarar

Pistillinn

Komið þið sæl öll, nær sem fjær!

Það hlaut að koma að því að ég myndir fá áskorun um að koma með eitt stykki pistil. Ég hef hugsað mikið um hvað ég ætti að skrifa og datt hreinlega ekkert í hug. Þar til ég rak augun í gamalt eintak af Áveitunni og fékk þá hugmynd. Ég hef sett mér það að markmiði að fræða ykkur lesendur góðir um mig sjálfa, þar sem ég er nýlega flutt í sveitina og hef látið lítið fyrir mér fara.

Ég mun stikla á stóru enda væri það stór mál að ætla sér að rekja þetta til hins ýrasta. Ég heiti fullu nafni Eydís Rós Eyglóardóttir og er fædd í Vestmannaeyjum hið merkilega ár 1984. Foreldrar mínir heita Eygló Birgisdóttir og Sigmundur Karlsson, þau skildu þegar ég var um eins árs. Ég á einn albróður, Hörð Ársæl, sem er tveimur árum eldri en ég. Mamma fór þá upp á fastalandið og réði sig sem ráðskonu í Vorsabæ í Austur-Landeyjum og hafði okkur systkinin með sér, þar var hún einn vetur. Um veturinn kynntist hún uppeldisföður mínum, Auðunni Leifssyni. Eftir veturinn fluttist mamma svo yfir með okkur systkinin á næsta bæ, Leifsstaði og ég bjó þar til 16 ára aldurs eða þegar komið var að fyrsta framhaldskólaárinu. Auðunn er fæddur og uppallinn á Leifsstöðum. Á Leifsstöðum auk okkar bjuggu einnig mamma og systir Auðuns, Guðrún og Hrönn. Við kölluðum Guðrúnu ekkert annað en ömmu, enda var hún svo sannarlega amma okkar á allan hátt nema að hún var ekki blóðskyld okkur. Mamma og Auðunn eiga tvö börn saman, Guðrúnu ('91) og Leif ('95). Pabbi minn, Sigmundur, er nú búsettur í Reykjavík ásamt konu sinni og þrem sonum. Ég hef lítið sambandi við þann part fjölskyldunnar nema kannski einna helst á jólum og öðrum merkum dögum.

Ég gekk í Grunnskóla Austur-Landeyja og svo var gagnfræðaskólinn á Hvolsvelli í Hvolsskóla. Bekkurinn minn í grunnskólanum var lítill. Við vorum fjórar hnátur saman og vorum svona oftast allar vinkonur þó svo auðvitað hafi eitthvað slettst upp á venskapinn öðru hvoru. Það voru því viðbrigði að koma í gaggó á Hvolsvelli þar sem bekkurinn var stór eða um 30 unglingar. Vitanlega var vonlaust að allir væru vinir, og allskonar klíkur mynduðust. Ég hóf framhaldsskólagöngu en það entist stutt, kláraði eina önn með herkjum. Fór þá á vit ævintýra í höfuðborginni, eignaðist minn fyrsta alvöru kærasta og gerði það sem ungt fólk gerir!

Eftir 5 ára dvöl í borg óttans og eftir að hafa bardúsað ýmislegt, unnið hin ýmsu störf og kynnst fullt af fólki varð Ingvar Guðni á vegi mínum. Hugsa að ég þurfi nú lítið að segja frá okkar kynnum þar sem ég bý með honum núna og augljóst hvernig fór! Við eignuðumst dóttur 6. desember sl. hana Þórunni Evu okkar. Það er því fjör í kotinu núna og á eflaust eingöngu eftir að verða meira.

Ég held ég geti fullyrt að æska mín hafi verið dásamleg, frjáls í sveitinni í leik

við dýr og vini. Ég tel það forréttindi að fá að alast upp í sveit og ég kann best við mig í sveitinni. Ég vil bjóða börnum mínum upp á sama frelsi í leik og ég hafði. Engin borg eða kaupstaður býður upp á leik eins og býðst í sveitinni.

Ég vona að þið sveitungar séuð nú einhverju vísari um hina nýju húsmóður á Tanga ☺ Ég vil skora á annan „nýbúa“ í sveitinni, hana Söndru í Jaðarkoti, og vona að ég sé enn velkomin í kaffi einhvern daginn þrátt fyrir það!

Eigið góðar stundir

Dísa á Tanga

Samhygð – Vaka 2008

70. íþróttamót Samhygðar og Vöku fór fram við Félagslund laugardaginn 16. ágúst 2008. Veður var ágætt, hlýtt en sólarlaust og dálítill gola af suðri. Það var því nokkur meðvindur í hlaupum og stökkum. Keppt var í sjö greinum karla og kvenna og áttu bæði félög 12 keppendur sem hlutu stig á mótinu.

Haraldur Einarsson Vöku hafði yfirburði í stigakeppni karla. Hann sigraði í fimm af sjö greinum karla og hlaut 36 stig. Næstur honum kom Rúnar Hjálmarsson Vöku með 26 stig og þriðji var Ívar Jasonarson Samhygð með 20 stig. Haraldur vann besta afrek karla með því að hlaupa 100 metra á 11,5 sekúndum sem gaf 783 stig. Besta afrek kvenna vann Halldóra Markúsdóttir Samhygð. Hún hljóp 100 metra á 14,5 sekúndum sem gefur 657 stig.

Stigakeppni mótsins var tvísýn og spennandi allt til loka en sigurinn féll Samhygð í skaut að þessu sinni með 149 stigum gegn 145 stigum Vöku. Stigahæstu keppendur Samhygðar voru þær Halldóra Markúsdóttir og Heiða Kristín Másdóttir báðar með 25 stig. Þær hlut því til varðveislu farandskjöld félaganna og er það í fyrsta sinn að skjaldarhafar eru tveir. Ingunn Harpa Bjarkadóttir Vöku hlaut einnig 25 stig og munu þær þrjár skiptast á að varðveita bikarinn sem veittur er fyrir flest stig kvenna.

Að móti loknu nutu allir viðstaddir veitinga í Félagslundi í boði Samhygðar og þar afhenti Stefán Geirsson formaður félagsins keppendum verðlaun sín. Úrslit mótsins urðu þessi:

Karlar:

100 metra hlaup

1.	Haraldur Einarsson	Vöku	11,5 sek.
2.	Ívar Jasonarson	Samh.	12,5 -